

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 12. júlí 2019  
UST201812-046/F.T.  
08.14.02

### Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 5. febrúar 2019 þar sem stofnunin veitti Sorpstöð Hornafjarðar áminningu vegna frávika er skráð voru í eftirliti þann 28. júní 2018. **Frávikin eru eftirfarandi:**


1. **Gr. 1.7 í starfsleyfi.** Neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs átti að berast eftirlitsaðila fyrir 1. janúar 2013 skv. gr. 1.7 starfsleyfi. Slík áætlun hefur ekki borist. **Samkvæmt rekstraraðila er neyðaráætlun í vinnslu og mun berast stofnuninni fyrir 1. september nk.**
2. **Gr. 2.3 í starfsleyfi.** Rekstraraðili hefur ekki sett sér umhverfismarkmið en skv. grein 2.3 í starfsleyfi ber honum að setja sér slík markmið og starfa eftir þeim. **Rekstraraðili hefur fengið Náttúrustofnun Suðausturlands til aðstoðar við gerð umhverfismarkmiða en gögnunum mun vera skilað til stofnunarinnar fyrir 1. september nk.**
3. **Gr. 2.11 í starfsleyfi.** Ábyrgðartrygging hefur ekki borist eftirlitsaðila en skv. gr. 2.11 í starfsleyfi ber rekstraraðila að leggja fram slíka tryggingu. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður ábyrgðartrygging send stofnuninni fyrir 1. september nk.**
4. **Gr. 5.1 og 5.4 í starfsleyfi.** Skráningum á reglulegu eftirliti hefur ekki að fullu verið sinnt skv. gr. 5.1. í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman upplýsingar og senda Umhverfisstofnun ársyfirlit fyrir 1. maí ár hvert skv. gr. 5.4. í starfsleyfinu. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila verður skráningum skilað þann 1. september.**
5. **Gr. 3.3 í starfsleyfi.** Sigvatn skal skv. gr. 3.3 hreinsað með fullnægjandi hætti þegar siturbeð er stíflað getur hreinsun ekki talist fullnægjandi. **Lagfæringar voru gerðar á hreinsivirki síðasta haust. Úrbæturnar verða teknar út í næsta eftirliti.**

### Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **79.200 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

  
Virðingarfyllst  
Skúli Þórðarson  
Sviðsstjóri

  
Frigg Thorlacius  
Lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands